

hrepps, þar sem ráðstöfunin er framkvæmd, en skyldur er hinn seki að endurgreiða **127**
kostnaðinn að fullu. 8. júlí

92. gr.

Kostnaður, sem leiðir af samþykkt þessari, og ekki verður krafizt af einstökum mönnum, greiðist úr sveitarsjóði þess hrepps, þar sem til hefir verið kostað.

Leiði kostnað af ráðstöfunum, er varða lögsagnarumdæmið í heild, greiðist hann úr sýslusjóði.

Lögreglusamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 107 frá 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 8. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

AUGLÝSING

128

um afnám blöndunar smjörs í smjörlíki. 10. júlí

Frá þessum degi og þangað til öðruvísi kann að verða ákveðið, er ekki skylt að blanda smjörlíki, sem framleitt er hér á landi, né erlent smjörlíki, sem flutt kynni að verða til landsins, smjöri.

Auglýsing dags. 3. febrúar þ. á. um blöndun á íslenzku smjöri í smjörlíki er jafnframt úr gildi fallin.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 10. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Vígfús Einarsson.

AUGLÝSING

129

um staðfesting dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á reglugerð
um barnavernd í Dalvík. 12. júlí

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 76 frá 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 43 frá 1932, um barnavernd, er hér með staðfest eftirfarandi

REGLUGERÐ
um barnavernd í Dalvík.

1. gr.

Í umdæmi barnaverndar Dalvíkurskólahéraðs er bannað að selja eða afhenda börnum og unglingum innan 16 ára aldurs tóbak, hverju nafni sem nefnist, gefa þeim það eða láta þeim það í té á nokkurn hátt, eða stuðla að því að þau neyti þess eða hafi það með höndum.

129

12. júlí

Bönnuð er sala á spýtubrjóstssykri (sleikjum) og brjóstsykurstöngum svo og öðrum þeim sælgætisvörum, sem að áliti barnaverndarnefndar geta talizt á einhvern hátt hættulegar börnum og unglíngum.

3. gr.

Engar leiksýningar eða opinberar skemmtanir, sem börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er ætlaður aðgangur að, má halda nema barnaverndarnefnd hafi verið gefinn kostur á að kynnast efni þeirra, og ákveður hún þá, að því athuguðu, hvort börnum og unglíngum skuli leyfður aðgangur að þeim.

4. gr.

Börnum og unglíngum innan 16 ára aldurs er bannaður aðgangur að almennum knattborðstofum, dansstöðum og öldrykkjustofum. Þeim er og bannaður aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 8 síðdegis, nema með aðstandendum sínum. Eigendum og umsjónarmönnum þessara stofnana ber að sjá um, að börn og unglíngar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

Börnum innan 12 ára er bannað að vera á almannafæri eftir kl. 8 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki seinna en kl. 10 á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum.

Börn 12—14 ára mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 10 að kvöldi á tímabilinu frá 15. sept. til 15. apríl, og ekki eftir kl. 11 síðd. á tímabilinu frá 15. apríl til 15. september, nema í fylgd með aðstandendum sínum, eða þau séu að inna arðbær störf af hendi.

Foreldrum eða húsbændum barnanna ber, að viðlögðum sektum, að sjá um að ákvæðum þessum sé fram fylgt.

5. gr.

Börn innan 14 ára aldurs mega ekki selja blöð eða bækur, nema með fengnu leyfi barnaverndarnefndar.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum sem brot gegn barnaverndarlögum. Skal farið með mál vegna þeirra brota eins og segir um slík mál í barnaverndarlögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 12. júlí 1939.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.